

## GJALDSKRÁ

### fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps.

#### 1. gr.

Vatnsgjald er 0,22% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki 55.000 kr. og að lágmarki 37.100 kr.

Vatnsgjald atvinnuhúsnæðis skal vera 0,15% af fasteignamati þó að lágmarki 65.000 kr.

Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 37.100 kr.

Gjald vegna byggingavatns skal vera 150 kr. á dag.

#### 2. gr.

Lágmarksheimæðagjald vatnsveitu í þéttbýlinu við Flúðir er kr. 218.928 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar. Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagdir hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út af starfsmönnum veitunnar. Miða skal við að lengd heimæðar fari ekki yfir 25 m. Fyrir lengd umfram 25 m greiðist viðbótargjald.

Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

<i>Þvermál rörs, mm</i>	<i>Verð, kr.</i>	<i>Verð á metra umfram 25 m, kr.</i>
25	218.928	3.681
32	295.326	3.809
40	383.910	5.414
50	518.293	5.999
63	725.585	6.672
70	1.052.098	7.464

Byggingavatn:

<i>Byggingavatnskrani til og með 50 mm</i>	<i>Verð, kr.</i>
Uppsettur byggingavatnskrani, heildarvinna	83.018
Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð frágengið	72.087

Verðið gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðamörk. Veitan leggur til búnað við tengingu byggingavatns. Greitt er daggjald fram að aftenginu. Byggingavatnskrani er aftengdur um leið og heimtaug er tengd inn í hús og þá er ekki greitt sérstaklega fyrir aftengingu. Við aðrar aðstæður og stærri tengingu en 50 mm er tenging gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

#### 3. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnurekstrar, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt notkunargjald sem notandi greiðir að jafnaði í samræmi við notkun vatns í rúmmetrum. Notkunargjald er 29 kr./m<sup>3</sup>.

Fyrir rennismæla skal greidd mælaleiga á ári eftir stærð mælis:

15 mm	9.986 kr.
20 mm	10.169 kr.
25 mm	13.116 kr.
32 mm	14.658 kr.
50 mm	21.587 kr.
80 mm	56.498 kr.

4. gr.

Stofngjöld utan þéttbýlis skal reikna sérstaklega og er miðað við að þau standi undir þeim kostnaði sem af verkinu hlýst. Landeigandi greiðir þann kostnað sem hlýst af tengingu kalds vatns inn á svæðið eða að býli.

Að auki skal landeigandi greiða 28.120 kr. á skipulagða lóð og lögbýli skal greiða 135.026 kr.

Við upphaf verks skal greiða 65% af kostnaðaráætlun þess en 35% greiðist þegar lagningu er lokið.

5. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af veitustjórn Hrunamannahrepps þann 4. nóvember 2019 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps 7. nóvember 2019 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldskráin tekur gildi við birtingu og þá fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu í Hrunamannahreppi nr. 1188/2018.

*Hrunamannahreppi, 28. nóvember 2019.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.